

UMF TINDASTÓLL

Stofnað 1907



Ársskýrsla 2010

LÖG UNGMENNAFÉLAGSINS TINDASTÓLS

1. grein. Heiti félagsins :
Félagið heitir Ungmennafélagið Tindastóll, skammstafað U.M.F. Tindastóll.
Lögheimili þess er Sauðárkrókur. Merki þess er hvítt T í jafnarma þríhyrningi í bláum og rauðum grunni
2. grein. Tilgangur félagsins :
Að vernda og efla stjórnarfarslegt, menningarlegt og fjárhagslegt sjálfstæði Íslendinga og vekja virðinu þeirra fyrir þjóðernislegum verðmætum sínum.
Að hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulýð til aukins þroska með fræðslu og íþróttastarfsemi, og til íhugunar um þjóðnytjamál og vinna að framgangi þeirra.
Að stuðla að bindindi og vernda ungmenni landsins gegn neyslu áfengra drykkja og eiturylfja og vinna að heilbrigðu skemmtana – og félagslífi.
Að vinna að bættri lífsafkomu þjóðfélagsþegna.
Að beita sér fyrir uppgræðslu, skógrækt og náttúruvernd.
Að vinna að því að skapa í hvívetna heilbrigðan hugsunarhátt meðal æskulýðs, í fjármálum, heilsuverndun og fegrun móðurmáls.
3. grein. Starfsaðferðir :
Tilgangi sínum hyggst félagið ná með fundarhöldum, íþróttaiðkunum, blaðaútgáfu og annarri félagsmálastarfsemi. Ennfremur að halda í fjölbreytt námskeið og vinna að ýmsum framkvæmdum eftir því sem þurfa þykir.
4. grein. Innganga og úrsögn :
Félagar geta allir orðið, sem lagt hafa fram skriflega inntökubeiðni, með upplýsingum um fullt nafn, kennitölu og heimilisfang. Þó skulu unglingar innan 18 ára aldurs leggja fram skriflegt leyfi a.m.k. annars foreldris eða forráðamanns til inngöngu. Þegar þessi skilyrði hafa verið uppfyllt er umsækjandi þegar fullgildur félagi. Jafnframt verða allir þeir sem opinberlega keppa undir merki félagsins sjálfkrafa félagar.
Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til aðalstjórnar.
Halda skal skrá yfir alla meðlimi félagsins, svo séð verði á hverjum tíma hverjir eru fullgildir félagar.
5. grein. Félagsgjöld.
Félagar skulu greiða árgjald til félagsins. Skal það ákveðið á aðalfundi ár hvert.
Árgjald rennur í aðalsjóð félagsins.
6. grein. Deildir :
Íðkendum hvernar íþróttagreinar er heimilt að mynda deildir innan félagsins. Hver íþróttadeild skal hafa sérstaka stjórn og aðskilin fjárhag. Skal hver deild sjá um sig sjálf fjárhagslega og hafa tekjur að ágóða móta og kappleikja í viðkomandi grein, svo og af öðrum fjáröflunum, sem hún tekur sér fyrir hendur í samráði við aðalstjórn.
Stjórn hvernar deildar annast rekstur hennar.
Að öðru leyti lúta deildirnar sameiginlegri aðalstjórn félagsins, sem fer með æðsta vald í málum þess milli aðalfunda.
Ákvörðun um stofnun nýrrar deildar innan félagsins verður aðeins tekin á aðalfundi.

7. grein. Stjórn :

Stjórn félagsins skipa 5 menn ; formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og meðstjórnandi. Skulu þeir kosnir á hverjum aðalfundi, formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Formaður stjórnar fundum eða skipar aðra félagsmenn til þess. Ritari heldur gjörðabók félagsins og ritar fundargerðir. Gjaldkeri innheimtir tekjur og greiðir gjöld félagsins. Gjaldkeri heldur reikninga félagsins. Reikningsár félagsins er almanaksárið 1. janúar til 31. desember.

8. grein. Aðalfundur :

Aðalfundur félagsins skal haldinn á tímabilinu frá 15. febrúar til 15. apríl ár hvert, og skal þar kosin stjórn, 2 endurskoðendur og nefndir félagsins fyrir næsta ár, og endurskoðaðir reikningar síðasta árs bornir upp til samþykktar. Fráfarandi stjórn skal á aðalfundi leggja fram ársskýrslu og skýra frá starfi og hag félagsins undanfarið starfsár.

Aðalfundur skal boðaður með minnst viku fyrirvara og er hann lögmætur, sé löglega til hans boðað.

Aðalfundur úrskurðar um meint brot á félagslögum og ákvarðar viðurlög.

Aukaaðalfund skal boða með sama hætti og reglulegan aðalfund. Reglur um aðalfund gilda, eftir því sem við á, um aukaaðalfund. Þó skulu lagabreytingar, stjórnarkjör og stofnun nýrra deilda, aðeins fara fram á reglulegum aðalfundi.

9. grein. Félagsfundir :

Félagsfundur skal boða ef a.m.k. 20 félagsmenn krefjast þess eða þegar aðalstjórn ákveður.

10. grein. Heimild stjórnar :

Heimilt er stjórn að skipa í nefndir milli aðalfunda er þurfa þykir. Allir félagar í U.M.F.Í. hafa málfrelsi og tillögurétt á félagsfundum.

11. grein. Verkefni stjórnar :

Aðalstjórn skal vinna að því að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess út á við. Hún skal einnig samræma starfsemi félagsins inn á við og hafa eftirlit með starfsemi deildanna. Hún hefur umráðarétt yfir eignum félagsins og markar stefnu þess í öllum veigamiklum málum. Hún skal þó jafnan hafa samráð við stjórnir deildanna um mál er þær varðar sérstaklega.

12. grein. Stjórnir deilda :

Hver deild innan félagsins skal hafa sérstaka stjórn, sem skipuð er þremur mönnum hið fæsta. Skulu þeir kosnir á aðalfundum deildanna, en hver deild skal halda aðalfund árlega. Reglur um fundarboðun, lögmæti fundar og dagskrá, sem gilda um aðalfund félagsins, gilda einnig um aðalfundi deildanna, eftir því sem við á. Að loknum aðalfundi hvers deildar og eigi síður en 15. febrúar ár hvert, skulu stjórnir deildanna skila aðalstjórn skýrslu sinni um starfsemi viðkomandi deildar, ásamt endurskoðuðum og samþykktum reikningum deildarinnar.

Aðalstjórn skal taka helstu atriði úr skýrslum deildanna upp í skýrslu sína á aðalfundi félagsins.

Vanræki íþróttadeild að halda aðalfund á lögákveðnum tíma, skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

Einstakar deildir skili rekstraruppgjöri til aðalstjórnar á fjögurra mánaða fresti 30. apríl, 31. ágúst og 31. desember ár hvert.

13. grein. Formannafundur :

Eigi sjaldnar en þrisvar á ári skal aðalstjórn félagsins halda fundi með formönnum deildanna, þar sem þeir gera stjórninni grein fyrir starfsemi deildanna. Á fundum þessum skal einnig ákveða skiptingu styrkja og annarra tekna aðalsjóðs félagsins milli deildanna og samræma starfsemi þeirra. Komi upp ágreiningur milli einstakra deilda, sker aðalstjórn úr.

14. grein. Eignir félagsins :

Allar eignir félagsins, hvort sem þær eru í umsjá aðalstjórnar eða einstakra deilda, er sameign félagsins. Hætti íþróttadeild starfsemi, skal stjórn hennar afhenda aðalstjórn allar eignir hennar svo og fundargerðarbækur og hverskonar gögn, sem varpa starfsemi hennar. Verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu ávallt vera í vörslu aðalstjórnar.

15. grein. Skuldsetning félagsins :

Óheimilt er að skuldsetja félagið eða einstakar deildir þess nema með samþykki meirihluta aðalstjórnar. Stofni einstakar deildir fjárhagslega skuldbindingu án þessa samþykkis verða þær á ábyrgð þeirra sem til þeirra stofna og félaginu óviðkomandi.

16. grein. Heiðursveitingar :

Heiðursfélagsmerki U.M.F. Tindastóls. Aðalfundur hefur heimild til að kjósa heiðursfélaga að tillögu stjórnar, en umræður um uppástungu að heiðursfélaga skulu ekki leyfðar. Við þá samþykkt þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Heiðursfélögum skal við hátíðlega athöfn afhent heiðursmerki U.M.F. Tindastóls úr gulli, sem er æðsta heiðursmerki ungmennafélagsins. Viðtakandi verður að hafa unnið mikið og samfellt starf fyrir U.M.F. Tindastól.

Starfsmerki U.M.F. Tindastóls má veita fyrir frábært átak eða afrek í félagstörfum, skipulagstörfum, framkvæmdastjórn eða á íþróttasviðinu. Til grundvalla þarf ekki að liggja langt samfellt starf.

Gestamerki U.M.F. Tindastóls má veita aðilum utan félagsins, sem í verki hafa sýnt því sérstakan sóma og velvild.

17. grein. Lagabreytingar :

Engu má breyta í lögum þessum nema á aðalfundi og þá með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Greini lög þessi á við sambandslög U.M.F.Í eru sambandslögin réttari meðan félagið er í U.M.F.Í.

18. grein. Gildistaka :

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi öll eldri lög félagsins.

Samþykkt á aðalfundi 16. apríl 2002.

Tillaga um breytingu á lögum Ungmennafélagsins Tindastóls

Lög Ungmennafélagsins Tindastóls hafa ekki verið endurskoðuð síðan árið 2002 og þykir Aðalstjórn Tindastóls rétt að löggin endurspegli starfsemi félagsins í dag. Aðalstjórn þykir t.d. tilgangur félagsins í lögum félagsins ekki vera í samræmi við starfsemi þess í dag og rétt að samræma löggin við starfsemina. Tilgangur félagsins er mjög svo fjölbreyttur í lögnum í dag og er allt frá því að vernda og efla fjárhagslegt sjálfstæði Íslendinga til skógræktar. Þá þykir Aðalstjórn rétt að festa í sessi liti á keppnis- og varabúningum félagsins, koma stjórn á notkun merkis félagsins, festa í skorðum dagskrá aðalfundar og hvernig á að fara með lagabreytingar auk nokkurra smærri breytinga.

Nánar er gerð grein fyrir lagabreytingunum hér að neðan. Þá er rökstuðningur fyrir breytingunum á bls. 2.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. grein laganna.

- a. Í stað U.M.F.Tindastóll komi „U.M.F.T“
- b. 2. og 3. málslíður falla brott.
- c. Við bætast nýr málslíður, svohljóðandi: „*Heimili þess og varnarþing er á Sauðárkróki.*“

Eftirfarandi breyting verður á 2. grein laganna.

- a. 1. - 6. málsgrein falla brott.
- b. Í stað þeirra kemur ný málsgrein, svohljóðandi: „*Tilgangur félagsins er að standa fyrir iðkun íþróttar á Sauðárkróki meðal félagsmanna sinna og efla íþróttastarf á Sauðárkróki.*“

Eftirfarandi breyting verður á 3. grein laganna.

- a. 3. grein laganna fellur brott.
- b. Í stað 3. greinar laganna kemur ný grein. Fyrirsögn 3. greinar verður „*Merki félagsins og búningur*“
- c. 1. málsgrein 3. greinar verður svohljóðandi: „*Merki félagsins er hvítt T í jafnarma þríhyrningi í bláum og rauðum grunni. Notkun merkisins er óheimil á öðru en keppni- og æfingafatnaði nema með leyfi Aðalstjórnar félagsins.*“
- d. 2. málsgrein 3. greinar verður svohljóðandi: „*Keppnisbúningur félagsins er vínrauður að lit. Varabúningar skulu vera í samræmi við félagsliti ef kostur er. Sé þess ekki kostur skal deild leita samþykkis Aðalstjórnar.*“

Eftirfarandi breyting verður á 4. grein laganna.

- a. Í stað orðanna „Halda skal“ í byrjun 3. málsgreinar komi „*Aðalstjórn félagsins heldur*“

Eftirfarandi breyting verður á 5. grein laganna.

- a. Í stað orðanna „í aðalsjóð“ í 3. málslíð, komi „*til Aðalstjórnar*“

Eftirfarandi breyting verði á 7. grein laganna.

- a. Í stað orðsins „Stjórn“ í fyrirsögn komi „*Aðalstjórn*“
- b. Í stað orðsins „Stjórn“ í 1. málslíð 1. málsgreinar komi „*Aðalstjórn*“
- c. Í lok 2. málslíðar bætist við „*til eins árs í senn.*“
- d. 3. málslíður, 1. málsgreinar verður svohljóðandi: „*Formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum.*“

Eftirfarandi breyting verður á 8. grein laganna.

- a. 1. - 4. málsgrein falla brott

- b. 1. málsgrein orðast svo: „Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málum þess og hefur einn vald til að breyta lögum þess. Aðalfundur félagsins skal haldinn á tímabilinu frá 15. febrúar til 15. apríl ár hvert. Aðalfundur skal boðaður með minnst 14 daga fyrirvara og er hann lögmætur, sé löglega til hans boðað.“
- c. 2. málsgrein orðast svo:
- „Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:
1. Formaður setur fundinn
 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
 3. Skýrsla stjórnar
 4. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
 5. Lagabreytingar
 6. Ákvörðun árgjalda
 7. Kosning formanns, fjögurra manna í stjórn, þriggja varamanna í stjórn og tveggja skoðunarmanna
 8. Önnur mál“
- d. 3. málsgrein orðast svo: „Aðalfundur úrskurðar um meint brot á félagslögum og ákvarðar viðurlög.“
- e. 4. málsgrein orðast svo: „Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi að undanskyldum þeim málum sem fjallað er um í 16. og 17. grein.“
- f. 5. málsgrein orðast svo: „Aukaaðalfund skal boðaður með sama hætti og reglulegan aðalfundur. Reglur um aðalfund gilda, eftir því sem við á, um aukaaðalfund. Þó skulu lagabreytingar, stjórnarkjör og stofnun nýrra deilda, aðeins fara fram á reglulegum aðalfundi.“

Eftirfarandi breyting verður á 17. grein laganna.

- a. Á eftir 1. málslíð komi svohljóðandi málslíður „Tillögur Aðalstjórnar til lagabreytinga skulu tilkynntar með aðalfundarboðinu og skulu þær liggja frammi hjá Aðalstjórn félagsins eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund félagsins. Tillögur félagsmanna um lagabreytingar skulu berast Aðalstjórn félagsins eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund og skulu þær liggja frammi á skrifstofu félagsins til fundardags. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á lögum, sem síðar koma fram, ef 2/3 greiddra atkvæða samþykkja.“

Rökstuðningur við einstakar greinar laganna

Um 1. grein

Skammstöfunin U.M.F.T. hefur fest sig í sessi undanfarin ár. Stjórn þykir rétt að lögin séu í samræmi við það. Rétt þykir að áréttta heimilisfesti félagsins og tala um heimili og varnarþing frekar en lögheimili. Setningin um merki félagsins er færð í 3. grein laganna til að auka vægi þess í lögnum.

Um 2. grein

Félagið hefur færst frá tilgangi þess sem tilgreindur er í lögnum. Félagið hefur færst úr því að vera „hefðbundið“ ungmennafélag í íþróttafélag og þykir rétt að lög félagsins séu „uppfærð“ í samræmi við starf þess í dag. Auk þess sinna önnur félög mörgu að því sem tiltekið er í 2. grein í dag.

Um 3. grein

Rétt þykir að fella niður 3. grein í samræmi við brottfall 2. greinar. Í stað þriðju greinar kemur grein um merki félagsins, notkun þess og keppnisbúninga félagsins.

Engar reglur eru til um notkun á merki félagsins og hefur það verið sett á ýmsan varning, með eða án samþykkis Tindastóls, sem að auki er seldur án þess að fjármunir renni til félagsins.

Rétt þykir að stjórn geti haft áhrif á notkun merkisins á öðru en keppnis- og æfingafatnaði.

Engar reglur eru til um það hver sé litur keppni- og varabúninga félagsins. Hefð hefur skapast fyrir vínrauðum keppnisbúningum sem þó er ekki algilt. Þá hafa varabúninga félagsins verið í mörgum litum, allt frá hvítu, gulum, eða bláum. Rétt þykir að festa í sessi ákveðna liti. Litir í merki félagsins eru hvítur, blár og rauður og því deildum settar ákveðnar skorður en samt gefið ákveðið svigrúm með því að Aðalstjórn geti heimilað aðra liti ef svo ber undir.

Um 4. grein

Þessi breyting er gerð til að á hreinu sé hver skuli halda utanum félagaskrá. Það hefur verið undanfarin á ábyrgð Aðalstjórnar og því þykir rétt að löggin endurspegli það.

Um 5. grein

Ekki er vitað hver sé aðalsjóður félagsins. Aðalstjórn hefur hingað til innheimt og haldið eftir félagsgjöldum og þykir rétt að löggin endurspegli þetta atriði.

Um 7. grein

Um litlar breytingar er að ræða. Einungis er skipt út orðinu Stjórn fyrir Aðalstjórn. Þá er þetta í samræmi við aðrar greinar laganna þar sem talað er um Aðalstjórn. Þá er fest í sessi að Aðalstjórn sitji aðeins til eins árs í senn.

Um 8. grein

Lagt er til að allar málsgreinar falli brott. Nokkrar hefðir hafa skapast undanfarin ár varðandi aðalfund félagsins. Ekki er t.d. tekið fram í núverandi lögum að það eigi að kjósa varamenn í stjórn en það hefur þrátt fyrir það verið gert undanfarin ár. Ekki er fjallað um að taka eigi fyrir á aðalfundinum aðra dagskrárliði en skýrslu stjórnar, kosningu stjórnar tveggja skoðunarmanna og nefnda félagsins. Ekki er á hreinu hvernig á að fara með lagabreytingar, ekki er fjallað um önnur mál, fundarstjórn eða fundarritara og þykir rétt að bæta úr því.

Í 8. grein er dagskrá aðalfundar sett í fastar skorður. Boðun aðalfundar er lengdur úr viku í 14 daga til að bjóða uppá að hægt sé að koma með tillögu að lagabreytingu, auk þess sem kominn er í dagskrána liður sem býður uppá möguleika á lagabreytingu. Þá er kveðið á um að einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ráði úrslitum mála fyrir utan heiðursveitingar og lagabreytingar þar sem það er ekki fjallað um það í núverandi lögum. Eiga t.d. atkvæði félagsmanna að ráða eða fundarmanna?

Um 17. grein

Ekkert er kveðið á í þessari grein hvernig koma eigi fram með lagabreytingar, hverjir geti lagt þær fram eða annað í þeim dúr. Með þessari breytingu gefst félagsmönnum kostur á að kynna sér tillögur Aðalstjórnar og fastar skorður eru á því hvernig almennir félagsmenn geta lagt fram lagabreytingu.

Sauðárkróki 9. febrúar 2011.

NÝ LÖG UNGMENNAFÉLAGSINS TINDASTÓLS

-- Lögin í heild sinni eins og þau eru lögð fram til samþykktar á aðalfundi UMF. Tindastóls, 23. febrúar 2011.

1. grein. Heiti félagsins:

Félagið heitir Ungmennafélagið Tindastóll, skammstafað U.M.F.T. Heimili þess og varnarþing er á Sauðárkróki.

2. grein. Tilgangur félagsins:

Tilgangur félagsins er að standa fyrir iðkun íþróttá á Sauðárkróki meðal félagsmanna sinna og efla íþróttastarf á Sauðárkróki.

3. grein. Merki félagsins og búningur

Merki félagsins er hvítt T í jafnarma þríhyrningi í bláum og rauðum grunni. Notkun merkisins er óheimil á öðru en keppni- og æfingafatnaði nema með leyfi aðalstjórnar félagsins.

Keppnisbúningur félagsins er vínrauður að lit. Varabúningar skulu vera í samræmi við félagsliti ef kostur er. Sé þess ekki kostur skal deild leita samþykkis Aðalstjórnar.

4. grein. Innganga og úrsögn:

Félagar geta allir orðið, sem lagt hafa fram skriflega inntökubeiðni, með upplýsingum um fullt nafn, kennitölu og heimilisfang. Þó skulu unglingar innan 18 ára aldurs leggja fram skriflegt leyfi a.m.k. annars foreldris eða forráðamanns til inngöngu. Þegar þessi skilyrði hafa verið uppfyllt er umsækjandi þegar fullgildur félagi. Jafnframt verða allir þeir sem opinberlega keppa undir merki félagsins sjálfkrafa félagar.

Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til aðalstjórnar.

Aðalstjórn félagsins heldur skrá yfir alla meðlimi félagsins, svo séð verði á hverjum tíma hverjir eru fullgildir félagar.

5. grein. Félagsgjöld:

Félagar skulu greiða árgjald til félagsins. Skal það ákveðið á aðalfundi ár hvert. Árgjald rennur til aðalstjórnar félagsins.

6. grein. Deildir:

Iðkendum hvernar íþróttagreinar er heimilt að mynda deildir innan félagsins. Hver íþróttadeild skal hafa sérstaka stjórn og aðskilin fjárhag. Skal hver deild sjá um sig sjálf fjárhagslega og hafa tekjur að ágóða móta og kappleikja í viðkomandi grein, svo og af öðrum fjáröflunum, sem hún tekur sér fyrir hendur í samráði við aðalstjórn. Stjórn hvernar deildar annast rekstur hennar.

Að öðru leyti lúta deildirnar sameiginlegri aðalstjórn félagsins, sem fer með æðsta vald í málum þess milli aðalfunda.

Ákvörðun um stofnun nýrrar deildar innan félagsins verður aðeins tekin á aðalfundi.

7. grein. Aðalstjórn:

Aðalstjórn félagsins skipa 5 menn; formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og meðstjórnandi. Skulu þeir kosnir á hverjum aðalfundi til eins árs í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Formaður stjórnar fundum eða skipar aðra félagsmenn til þess. Ritari heldur gjörðabók félagsins og ritar fundargerðir. Gjaldkeri innheimtir tekjur og greiðir gjöld félagsins. Gjaldkeri heldur reikninga félagsins.

Reikningsár félagsins er almanaksárið 1. janúar til 31. desember.

8. grein. Aðalfundur:

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málum þess og hefur einn vald til að breyta lögum þess. Aðalfundur félagsins skal haldinn á tímabilinu frá 15. febrúar til 15. apríl ár hvert. Aðalfundur skal boðaður með minnst 14 daga fyrirvara og er hann lögmætur, sé löglega til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:

1. Formaður setur fundinn
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar
6. Ákvörðun árgjalda
7. Kosning formanns, fjögurra manna í stjórn, þriggja varamanna í stjórn og tveggja skoðunarmanna
8. Önnur mál

Aðalfundur úrskurðar um meint brot á félagslögum og ákvarðar viðurlög.

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi að undanskyldum þeim málum sem fjallað er um í 16. og 17. grein.

Aukaaðalfund skal boðaður með sama hætti og reglulegan aðalfund. Reglur um aðalfund gilda, eftir því sem við á, um aukaaðalfund. Þó skulu lagabreytingar, stjórnarkjör og stofnun nýrra deilda, aðeins fara fram á reglulegum aðalfundi.

9. grein. Félagsfundir:

Félagsfundur skal boðaður ef a.m.k. 20 félagsmenn krefjast þess eða þegar aðalstjórn ákveður.

10. grein. Heimild stjórnar:

Heimilt er stjórn að skipa í nefndir milli aðalfunda er þurfa þykir. Allir félagar í U.M.F.Í. hafa málfrelsi og tillögurétt á félagsfundum.

11. grein. Verkefni stjórnar:

Aðalstjórn skal vinna að því að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess út á við. Hún skal einnig samræma starfsemi félagsins inn á við og hafa eftirlit með starfsemi deildanna. Hún hefur umráðarétt yfir eignum félagsins og markar stefnu þess í öllum veigamiklum málum. Hún skal þó jafnan hafa samráð við stjórnir deildanna um mál er þær varðar sérstaklega.

12. grein. Stjórnir deilda:

Hver deild innan félagsins skal hafa sérstaka stjórn, sem skipuð er þremur mönnum hið fæsta. Skulu þeir kosnir á aðalfundum deildanna, en hver deild skal halda aðalfund árlega. Reglur um fundarboðun, lögmæti fundar og dagskrá, sem gilda um aðalfund félagsins, gilda einnig um aðalfundi deildanna, eftir því sem við á. Að loknum aðalfundi hversrar deildar og eigi síður en 15. febrúar ár hvert, skulu stjórnir deildanna skila aðalstjórn skýrslu sinni um starfsemi viðkomandi deildar, ásamt endurskoðuðum og samþykktum reikningum deildarinnar.

Aðalstjórn skal taka helstu atriði úr skýrslum deildanna upp í skýrslu sína á aðalfundi félagsins.

Vanræki íþróttadeild að halda aðalfund á lögákveðnum tíma, skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

Einstakar deildir skili rekstraruppgjöri til aðalstjórnar á fjögurra mánaða fresti 30. apríl, 31. ágúst og 31. desember ár hvert.

13. grein. Formannafundir:

Eigi sjaldnar en þrisvar á ári skal aðalstjórn félagsins halda fundi með formönnum deildanna, þar sem þeir gera stjórninni grein fyrir starfsemi deildanna. Á fundum þessum skal einnig ákveða skiptingu styrkja og annarra tekna aðalsjóðs félagsins milli deildanna og samræma starfsemi þeirra. Komi upp ágreiningur milli einstakra deilda, sker aðalstjórn úr.

14. grein. Eignir félagsins:

Allar eignir félagsins, hvort sem þær eru í umsjá aðalstjórnar eða einstakra deilda, er sameign félagsins. Hætti íþróttadeild starfsemi, skal stjórn hennar afhenda aðalstjórn allar eignir hennar svo og fundargerðarbækur og hverskonar gögn, sem varða starfsemi hennar. Verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu ávallt vera í vörslu aðalstjórnar.

15. grein. Skuldsetning félagsins:

Óheimilt er að skuldsetja félagið eða einstakar deildir þess nema með samþykki meirihluta aðalstjórnar. Stofni einstakar deildir fjárhagslega skuldbindingu án þessa samþykkis verða þær á ábyrgð þeirra sem til þeirra stofna og félaginu óviðkomandi.

16. grein. Heiðursveitingar:

Heiðursfélagsmerki U.M.F. Tindastóls. Aðalfundur hefur heimild til að kjósa heiðursfélaga að tillögu stjórnar, en umræður um uppástungu að heiðursfélaga skulu ekki leyfðar. Við þá samþykkt þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Heiðursfélögum skal við hátíðlega athöfn afhent heiðursmerki U.M.F. Tindastóls úr gulli, sem er æðsta heiðursmerki ungmennafélagsins. Viðtakandi verður að hafa unnið mikið og samfellt starf fyrir U.M.F. Tindastól.

Starfsmerki U.M.F. Tindastóls má veita fyrir frábært átak eða afrek í félagstörfum, skipulagstörfum, framkvæmdastjórn eða á íþróttasviðinu. Til grundvalla þarf ekki að liggja langt samfellt starf.

Gestamerki U.M.F. Tindastóls má veita aðilum utan félagsins, sem í verki hafa sýnt því sérstakan sóma og velvild.

17. grein. Lagabreytingar:

Engu má breyta í lögum þessum nema á aðalfundi og þá með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur Aðalstjórnar til lagabreytinga skulu tilkynntar með aðalfundarboðinu og skulu þær liggja frammi hjá Aðalstjórn félagsins eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund félagsins. Tillögur félagsmanna um lagabreytingar skulu berast Aðalstjórn félagsins eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund og skulu þær liggja frammi á skrifstofu félagsins til fundardags. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á lögum, sem síðar koma fram, ef 2/3 greiddra atkvæða samþykkja. Greini lög þessi á við sambandslög U.M.F.Í eru sambandslögin réttari meðan félagið er í U.M.F.Í.

18. grein. Gildistaka:

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi öll eldri lög félagsins.

Ársskýrsla Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2010

Lagt fram á aðalfundi félagsins 23. febrúar 2011.

Stjórn U.M.F. Tindastóls, sem kosin var á aðalfundi félagsins 11. mars 2010:

Gunnar Þór Gestsson, formaður
Magnús Helgason, varaformaður
Elínborg Svavarsdóttir, ritari
Bertína Guðrún Rodríguez, gjaldkeri
Jón Daníel Jónsson, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn:

Kristjana Jónsdóttir
Guðjón Örn Jóhannsson
Marteinn Jónsson

Skoðunarmenn reikninga:

Hjörtur Geirmundsson
Gunnar Þór Sveinsson

Stjórnarfundir voru haldnir óreglulega á árinu. Allar fundargerðir eru aðgengilegar á vef félagsins, www.tindastoll.is. Rétt til setu á stjórnarfundum hafa auk stjórnar og varastjórnar félagsins, formenn deilda félagsins eða aðrir stjórnarmenn sem fulltrúar þeirra.

Rafrænt vinnusvæði félagsins hjá Fjölnetinu geymir öll gögn um starfssemi félagsins, tölvupósta, skjöl, fundargerðir og bókhaldskerfi.

Heiðursfélagar Ungmennafélagsins Tindastóls eru

Árni Guðmundsson, Súluhólum 2, Reykjavík
Páll Ragnarsson, Birkihlíð 35 á Sauðárkróki
Stefán Guðmundsson, Sauðármýri 3 á Sauðárkróki
Stefán Pedersen, Smáragrund 15 á Sauðárkróki

Heimilisfang Ungmennafélagsins Tindastóls

Víðigrund 5, 550 Sauðárkróki
Kennitala 650269-5949

Skýrsla aðalstjórnar

Aðalfundurinn fyrir árið 2009 var haldinn á Kaffi Krók þann 11. mars 2010. Fjárhagslegur rekstur aðalstjórnar hefur verið góður og að óbreyttu verður Aðalstjórn skuldlaus á árinu 2011 þegar síðasta afborgun verður greidd af láninu sem tekið var um aldamótin til að rétta við fjárhag félagsins. Afborgun á árinu 2010 var kr. 3.767.332 en lokagreiðslan verður eitthvað lægri. Að óbreyttu munu því styrkir sem Aðalstjórn getur skilað í rekstur deilda félagsins hækkað ríflega á næsta rekstrarári.

Ákveðið var að halda félagsgjöldum óbreyttum frá árinu á undan, eða kr. 2.500 fyrir fullorðna og kr. 1.000 fyrir unglunga fjórtán til átján ára. Í lok ársins þegar innheimta félagsgjalda fyrir árið 2010 var framkvæmd ákvað Aðalstjórn að innheimta engin félagsgjöld af unglingum og merkja sérstaklega útsenda greiðsluseðla sem valkröfur.

Aðalstjórn hafði sett sér þau markmið að endurskoða lög félagsins. Þetta hefur núna verið gert og verða breytingar lagðar fram þessum aðalfundi. Við þessa vinnu hefur verið leitast við að laga lögina að starfssemi félagsins með hliðsjón af lögum annarra sambærilegra félaga.

Helstu styrktaraðilar Aðalstjórnar eru Sveitarfélagið Skagafjörður, Kaupfélag Skagfirðinga, Sparisjóður Skagafjarðar, Arion Banki og Fjölnet. Sparisjóður Skagafjarðar kom að myndugleika að styrktarmálum félagsins þegar dró úr styrkjum vegna efnahagsáfalla. Starfsmenn og stjórnendur sparisjóðsins fá sérstakar þakkir frá Aðalstjórn fyrir þetta skref. Kaupfélag Skagfirðinga ásamt dótturfélögum er ekki aðeins einn stærsti vinnuveitandinn í héraðinu, heldur einnig einn stærsti styrktaraðilinn, þar sem deildir félagsins keppa í búningum merktum KS og njóta ýmissa styrkja frá rekstrareiningum félagsins.

Rafrænt vinnuumhverfi Tindastóls sem hýst og rekið er af Fjölnetinu og Tengli er afskaplega mikilvægt félaginu. Það ásamt vefsíðu félagsins og aðgengi að bókhaldskerfi í eigu Sveitarfélagsins mynda heilstætt upplýsingakerfi sem mikið verðmæti eru í. Aðalstjórn vill nota tækifærði hér til að færa Tengli og Fjölnetinu sérstakar þakkir fyrir lipurð og ljúfmennsku þeirra við félagið.

Styrkur frá Sveitarfélaginu Skagafirði er miðaður við barna- og unglingastarf er greiddur til UMSS sem síðan skiptir honum niður á aðildarfélögin samkvæmt flóknum útreikningi sem er kominn nokkuð til ára sinna. Núna fyrir síðustu áramót var það samþykkt af stjórn UMSS og Félags- og tómstundarnefnd sveitarfélagsins að í framtíðinni verða skráningar í TÍM kerfið notaðar til grundvallar þessari skiptingu. Skráningar deilda í þetta kerfi verða því félaginu mjög mikilvæg bæði fyrir gæði starfsins við skiptingu styrksins.

Ofangreindum styrkjum hefur verið skipt niður á deildir samkvæmt hlutfallsskiptingu sem einnig er kominn til ára sinna. Ljóst er að þessi mál verður að leggjast yfir og endurskoða þegar tölur úr skráningarkerfinu liggja fyrir eftir einhver misseri.

Á aðalfundum UMF Tindastóls eru styrkir úr minningarsjóði um Rúnar Inga Björnsson afhentir. Hefð hefur verið að styrkir úr þessum sjóði miðist við keppnisferðir og afreksfólk félagsins. Sem tilraun til að bæta faglegt starf félagsins ákvað Aðalstjórn að setja af stað styrktarsjóð fyrir þjálfara og starfsfólk félagsins. Við viljum með þessum sjóði greiða niður ferða- og námskeiðakostnað þeirra sem starfa fyrir félagið og skila þekkingunni heim í hérað. Nú þegar hafa borist nokkrar umsóknir en aðeins ein úthlutun hefur átt sér stað. Aðalstjórn

hvetur hér með deildir til að styðja við menntun og þekkingu í sínu starfi og mun leggja sitt að mörkum til að styðja við bakið á þessu verkefni. Innheimt félagsgjöld eru núna eingöngu notuð í að fjármagna þennan sjóð. Þetta er reikningur 16366 í Arion Banka.

Helgi Rafn Viggósson körfuknattleiksmaður og fyrirliði úrvalsdeildarliðs Tindastóls, var útnefndur Íþróttamaður Tindastóls fyrir árið 2010. Helgi Rafn er fyrirliði úrvalsdeildarliðs Tindastóls í körfuknattleik og lék sitt besta keppnistímabil hingað til 2009-2010. Var hann valinn besti leikmaður liðsins af félögum sínum á lokahófi körfuknattleiksdeildar sl. vor.

Helgi átti stóran þátt í því að liðið komst í úrslitakeppnina í fyrsta skiptið í mörg ár. Hann er þekktur fyrir að leggja sig fram bæði innan vallar og utan. Hann tekur virkan þátt í þeim fjáröflunum sem körfuknattleiksdeildin stendur fyrir og inni á vellinum er hann sannur leiðtogi og drífur samherja sína áfram með baráttuanda og fórnfýsi fyrir félag sitt. Þrátt fyrir erfiða byrjun Tindastóls í úrvalsdeildinni í haust, hefur Helgi hvergi slegið af og átt stóran þátt í þeim jákvæðu breytingum sem orðið hafa á leik liðsins undanfarið.

Þá fengu þau Pétur Rúnar Birgisson og Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir sérstakar viðurkenningar sem ungt og efnilegt körfuknattleiksfolk, en þau voru bæði valin í æfingahópa U-15 ára landsliða Íslands auk þess sem Þórunna var einnig valin til æfinga hjá U-16 ára liðinu. Bæði eru lykilmenn með sínum liðum í Íslandsmótinu og hafa leikið vel í vetur og eru í mikilli framför. Knattspyrnumaðurinn Björn Anton Guðmundsson hefur einnig verið valinn í landsliðsæfingahóp U-19. Þessir einstaklingar hafa staðið uppúr í annars stórum hópi frábærra íþróttamanna. Ljóst er að við Skagfirðingar eigum stóran hóp íþróttamanna og verkefnið okkar er að bjóða þessu fólki upp á sem bestu aðstöðu til að stunda sína íþrótt.

Gauti Ásbjörnsson stangarstökkvari úr Tindastól var útnefndur Íþróttamaður Skagafjarðar 2010 í hófi sem UMSS hélt í Húsi frítímans. Gauti býr í Svíþjóð en keppir fyrir hönd Skagafjarðar undir merkjum UMSS.

Gauti bætti sinn fyrri árangur í stangarstökki innanhúss strax í upphafi árs, úr 4,42m (frá 2009) í 4,60m á 3 mótum (4,52m, 4,53m og 4,60m). Með þessum árangri er Gauti í 1.-3. sæti á „Afrekaskrá FRÍ innanhúss 2009-2010”.

Í júníbyrjun stórbætti Gauti sinn fyrri árangur utanhúss, (4,50m frá 2007), þegar hann stökk 4,65m á móti í Gautaborg.

Gauti var valinn í landslið Íslands sem keppti í Evrópubikar-3.deild á Möltu. Þar hafnaði Gauti í 4. sæti í 15 þjóða keppni, stökk 4,50m. Íslenska landsliðið hafnaði einnig í 4. sæti. Meistaramót Íslands í frjálsíþróttum fór fram á Laugardalsvelli í júlí. Þar náði Gauti sínum besta árangri og varð Íslandsmeistari í stangarstökki, stökk 4,72m. Þá hafði hann bætt sinn fyrri árangur um 22cm í sumar.

Árangurinn í sumar skipar Gauta í 1. sæti á „Afrekaskrá FRÍ utanhúss 2010”. Þessi árangur er einnig besti árangur Íslendinga í stangarstökki í 6 ár, eða síðan Jón Arnar Magnússon UMSS stökk 4,90m á Landsmóti UMFÍ 2004 á Sauðárkróki.

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu urðu íslandsmeistarar í þriðju deild og fjórði flokkur karla í knattspyrnu urðu íslandsmeistarar í sjö-manna bolta.

Jóhann Helgi Sigmarsson var afhentur starfsbikarinn sem Ómar Bragi Stefánsson gaf félaginu á 100 ára afmæli félagsins þann. Jóhann Helgi Sigmarsson hefur í mörg ár unnið fyrir félagið ómælt starf, er gjaldkeri körfuknattleiksdeildar og vinnur einnig mikið sjálfboðaliðsstarf fyrir aðrar deildir.

Formaður Aðalstjórnar og formaður Knattspyrnudeildar ásamt þremur öðrum aðilum hafa hafið forvinnu vegna uppbyggingar á knattspyrnugrasvelli í löglegri keppnisstærð. Við látum okkur dreyma um að framkvæmdir við þennan völl geti hafist á árinu 2011.

Einnig er komin af stað forvinna vegna gólfsins í íþróttahúsinu á Sauðárkróki. Þar er núna dúkur en vonir félagsins eru að á gólfið verði komið parket fyrir næsta keppnistímabil í haust.

Ef af þessum framkvæmdum verður er ljóst að félagið mun þurfa á aðstoð einstaklinga og fyrirtækja á svæðinu. Við erum bjartsýn á að þar munum við mæta velvilja hjá fyrirtækjum og dugmiklum einstaklingum svo að þessi verkefni verði unnin fljótt og vel fyrir hóflegan kostnað.

Það eru því ærin verkefni framundan og Aðalstjórn vill hvetja allt íþróttafólk, aðstandendur, sjálfboðaliða félagsins og íbúa héraðsins til dáða.

Með ungmennafélagkveðju,

Gunnar Þór Gestsson

Formaður UMF Tindastóls.

Ársreikningur aðalstjórnar

Rekstrarreikningur ársins 2010	2010	2009
Tekjur:		
Fjáröflun:		
Lottó	1.065.102	468.654
Félagsgjöld	55.000	841.275
	1.120.102	1.309.929
Styrkir:		
Svf. Skagafjörður, húsaleigustyrkur	12.140.400	16.987.200
Svf. Skagafjörður, styrkur til deilda	4.076.868	3.547.852
Svf. Skagafjörður, styrkur v. afborgunar láns	3.767.332	3.996.028
Arion banki, Sauðárkróki	580.000	300.000
Kaupfélag Skagfirðinga	1.680.000	1.680.000
Sparisjóður Skagafjarðar	1.500.000	1.500.000
Fjölnet hf.	279.499	208.313
	24.024.099	28.219.393
Tekjur alls:	25.144.201	29.529.322
Gjöld:		
Íþróttahús, húsaleiga	12.140.400	16.987.200
Körfuknattleiksdeild	3.158.486	2.578.776
Knattspyrnudeild	3.158.486	2.578.776
Knattspyrnudeild, 3fl.	0	200.000
Sunddeild	631.699	563.753
Frjálsíþróttadeild	1.263.394	1.067.509
Skíðadeild	451.214	419.825
Stjórnunarkostnaður	206.020	105.956
Húsaleiga Víðigrund 5	204.000	204.000
Tölvukostnaður	329.499	265.042
Áhöld og tæki	59.950	0
Tryggingar	6.832	5.828
	21.769.316	25.117.660
Rekstrarhagnaður	3.374.885	4.411.662
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Vaxtatekjur	113.230	1.064.760
Vaxtagjöld, verðbætur og matsbreyting verðbréfa	-837.945	-1.992.299
	-724.715	927.539
Hagnaður /(tap) ársins	2.650.170	3.484.123

Ársreikningur aðalstjórnar

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

2010

2009

Eignir

Fastafjármunir:

Eignarhluti í Bifröst FM

1.872.000

1.872.000

Veltufjármunir:

Verðbréf, alþjóðlegur hlutabréfasjóður

0

1.685.205

Tékkareikningur 16366 í Arion Banka

1.406.093

1.348.350

Tékkareikningur 5763 í Arion Banka

2.556.651

1.423.791

Tékkareikningur 140

136.705

63.785

Markaðsreikningur 301601

2.611.062

2.521.098

Tékkareikningur 3400 í Landsbanka Íslands

212

212

6.710.723**7.042.441**

Eignir samtals

8.582.723**8.914.441**

Skuldir:

Arion Banki skbr.nr. 014330

3.266.403

6.366.698

Ógr. áfallnir vextir

118.407

Skuldir samtals

3.384.810**6.366.698**

Eigið fé:

Eigið fé frá fyrra ári

2.547.743

(896.380)

Endurmat ársins

0

(40.000)

Hagnaður (tap) ársins

2.650.170

3.484.123

Eigið fé samtals

5.197.913**2.547.743**

Eigið fé og skuldir samtals

8.582.723**8.914.441**

Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar

Stjórn knattspyrnudeildar:

Formaður Ómar Bragi Stefánsson
Gjaldkeri Björn Ingi Óskarsson
Ritari Erna Baldursdóttir
V.formaður Skúli V. Jónsson
Meðstjórnandi Pétur Björnsson

M.fl.ráð karla:

Ómar Bragi Stefánsson
Skúli V. Jónsson
Örn Ragnarsson
Óli B. Jónsson
Snorri Geir Snorrason
Dagur Baldvinsson

M.fl.ráð kvenna:

Erna Baldursdóttir
Elínborg Svavarsdóttir
Páll Friðriksson
Hrefna B. Guðmundsdóttir
Erla Björt Björnsdóttir

Barna- og unglingaráð:

Pétur Björnsson
Aníta Jónasdóttir
Ólafur Þorbergsson
Skúli Hermann Bragason

Framkvæmdastjóri:

Skúli V. Jónsson gegndi stöðu framkvæmdastjóra á starfsárinu.

Fundir:

Á starfsárinu voru haldnir 7 bókaðir stjórnarfundir. Hinsvegar voru fjölmargir smærri fundir haldnir með leikmönnum, þjálfurum, foreldrum, samstarfsaðilum og stjórnarmönnum þar sem rædd voru hin ýmsu málefni knattspyrnudeildarinnar.

Frá formanni.

Nú er að ljúka viðburðarríku ári hjá knattspyrnudeild Tindastóls. Það fer ekki fram hjá neinum að starfsemi deildarinnar er bæði öflug og metnaðarfull í alla staði. Knattspyrnudeildin hélt úti 13 flokkum sem tóku þátt í mótum KSÍ en auk þess tók félagið þátt í ýmsum mótum víðsvegar um landið. Knattspyrnudeildin stóð fyrir tveimur stórum knattspyrnumótum, Landsbankamótinu og Króksmótinu sem eru studd sérstaklega af Landsbankanum og FISK Seafood. Þessi mót eru knattspyrnudeildinni afar mikilvæg en án gríðarlega mikillar sjálfbodavinnu foreldra og leikmanna okkar væri framkvæmd þeirra varla möguleg. Það er ástæða til að þakka öllum sem að undirbúningi og skipulagningu þessara móta komu sérstaklega fyrir þeirra aðstoð.

Tvö lið Tindastóls státa sig af Íslandsmeistaratitli í sumar. 4.flokkur karla hampaði bikarnum en liðið sigraði í keppni 7 manna liða. M.fl. karla sem féll í 3.deild á síðasta ári sannaði að

Þar á liðið ekki heima. Liðið sigraði deildina glæsilega og varð Íslandsmeistari 3.deildar. Þetta er frábær árangur hjá báðum þessum liðum og ástæða til að óska þeim til hamingju með glæsilegan árangur.

Aðstaða knattspyrnumanna yfir sumartímann er ágæt og ekki ástæða til að kvarta yfir henni. Við höfum aðgang að glæsilegu svæði í hjarta bæjarins, svæði sem er umtalað af gestum enda eftirsóknarvert til mótahalds af ýmsu tagi. Hinsvegar verður það að viðurkennast að veturnir eru okkur afar erfiðir. Mjög fáir tímar eru í boði í íþróttahúsinu og reiðhöllin er langt frá því að vera viðunandi. Sparkvöllurinn við Árskóla er sá minnsti í Skagafirði en er þó mikið notaður. Það er alveg ljóst í mínum huga að gervigrasvöllur í fullri stærð þarf að koma fyrir en seinna. Skagafjörður er stærsta sveitarfélagið á landinu sem ekki hefur slíka aðstöðu og minni sveitarfélög en okkar hafa þesskonar aðstöðu. Knattspyrnudeildin er fjölmennasta deildin innan Tindastóls með um 200 iðkendum og slíkur völlur myndi gjörbreyta allri aðstöðu til hins betra jafnt vetur sem sumar.

Samstarfsaðilar okkar eru deildinni afar mikilvægir og þakka ég þeim fyrir farsælt samstarf.

Ómar Bragi Stefánsson

Ársreikningur knattspyrnudeildar

REKSTRARREIKNINGUR 2010

	2010	2009
Rekstrartekjur		
Framlag frá aðalstjórn	3.210.984	2.578.776
Fjárafilanir og styrkir	3.735.000	4.397.675
Aðgangseyrir	145.753	0
Æfingagjöld yngri flokka	5.626.686	4.837.092
Króksmót	7.454.404	6.823.412
Landsbankamót	3.328.664	3.411.469
Jólatréssala	1.055.054	638.767
Aðrar tekjur	2.323.133	3.026.894
Rekstrartekjur samtals	26.879.678	25.714.085
Rekstrargjöld		
Rekstur skrifstofu	1.650.002	1.384.708
Meistaraflokkur karla	8.521.708	9.551.077
Meistaraflokkur kvenna	2.734.563	1.291.161
Yngri flokkar	8.050.259	8.258.096
Króksmót	2.882.434	1.625.302
Landsbankamót	1.651.635	1.515.412
Jólatréssala	665.000	707.814
Annar kostnaður	163.322	329.838
Rekstrargjöld samtals	26.318.923	24.663.408
Hagnaður/-tap fyrir afskriftir og fjármagnsl.	560.755	1.050.677
Afskriftir	1.593.061	0
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	13.351	263.392
Vaxtagjöld	177.950	663.635
Fjármagnsliðir samtals	-164.599	-400.243
Hagnaður/-tap tímabilsins	-1.196.905	650.434

Ársreikningur knattspyrnudeildar

EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12.2010

	31.12.2010	31.12.2009
Eignir		
Bankareikningar	463.857	373.315
Viðskiptakröfur	0	1.599.637
Búningar	0	1.593.061
Stúka	1.438.655	1.438.655
Eignir alls	1.902.512	5.004.668
Skuldir og eigið fé		
Viðskiptaskuldir	2.094.700	3.999.951
Skuldir alls	2.094.700	3.999.951
Eigið fé		
Eigið fé í byrjun tímabils	1.004.717	354.283
Hagnaður/-tap tímabilsins	-1.196.905	650.434
Eigið fé í lok tímabils	-192.188	1.004.717
Skuldir og eigið fé	1.902.512	5.004.668

Skýrsla aðalstjórnar körfuknattleiksdeildar

Ágætu félagar!

Eins og venja er förum við í fáum orðum yfir árið og keppnistímabilið sem nú er liðið. Starf deildarinnar hefur verið í föstum skorðum í allnokkur ár og lítið um breytingar þannig að í raun er litlu við síðustu skýrslu að bæta og mætti nánast endurtaka hana hér. Á síðasta aðalfundi voru kjörin í stjórn Halldór Halldórsson, Áskell Heiðar Ásgeirsson, Jóhann Ingólfsson, Jóhann Sigmarsson og Viggó Jónsson.

Ekki varð nokkur breyting á helsta starfi stjórnarinnar sem líkt og endranær fólst aðallega í að sinna fjárhagnum og reyna að láta enda ná saman. Þessi vinna stendur því síðan í vegi að hugað sé að innri málefnum deildarinnar sem ætti að vera aðalstarf stjórnar hverju sinni.

Eins og lesa má í ársreikningi tókst ágætlega til við rekstur deildarinnar á síðasta tímabili þannig að nokkur afgangur varð af rekstrinum og er það vel. Deildin er í raun skuldlaus ef frá er talin skuld við Merkisbræður sf. sem litlar eða engar líkur á að verði innheimtar og þá ekki nema deildinni áskotnist verulegt fé. Stuðningur Merkisbræðra sf. við deildina, með því að leggja til húsnæði fyrir leikmenn, hefur verið ómetanlegur á undanförunum árum og auðvelda okkur starfið mikið. Við höfum undanfarin ár getað gengið að því sem vísu að fá húsnæði fyrir útlendingana okkar í húsi Merkisbræðra að Ránarstíg 6 hér í bæ og komist upp með að greiða þeim afar lága leigu. Sem endranær ber að þakka þeim fyrirtækjum sem styrktu okkur á síðasta tímabili. Þá hefur sveitarfélagið stutt við bakið á okkur af myndarbrag.

Rekstur rútu deildarinnar gekk vel og höfum við verið heppin með hve lítið hún hefur bilað. Það er forsenda fyrir rekstrinum að okkur hefur tekist að fá fyrirtæki til að styrkja okkur við reksturinn með vinnu og gjöf á varahlutum og þess háttar. Þá liggur fyrir að skuldir vegna rúttunnar munu lækka verulega og að öllum líkindum hverfa vegna endurútreiknings á láninu sem var að hluta í erlendri mynt. Raunar er líklegt að deildin eigi inni vegna þess að hún hafi greitt of mikið. Líkt og endranær var unnið allnokkuð við fjáraflanir og þær fjölbreyttar að vanda.

Nokkur orð um árangur félagsins á vellinum.

Af meistaraflokki karla er það að segja, að Kristinn Friðriksson var líkt og undanfarin ár þjálfari liðsins. Árangur liðsins var ásættanlegur og náði það inn í úrslitakeppnina í fyrsta skipti í nokkur ár

Um starf og árangur yngri flokka má vísa til nefndrar skýrslu unglíngaráðs.

Í skýrslu stjórnar fyrir síðustu starfsár var vikið að því að deildin hefur árum saman fengið of fáa tíma til ráðstöfunar í íþróttahúsinu hér í bæ. Ég get ekki annað en endurtekið þá umfjöllun hér enda er ástandið óásættanlegt. Íþróttahúsið er notað meira og meira undir samkomur sem ekki tengjast íþróttum og þá eru tímar felldir niður jafnvel heilu helgarnar. Ef til þess er ætlast að lið héðan nái árangri í körfubolta þá verðum við að fá fleiri tíma í íþróttahúsinu en okkar lið æfa mun minna en önnur lið sem vilja ná árangri. Þá er full ástæða til að æfa meira utan keppnistímabils en gert hefur verið. Vonandi verður af byggingu körfuboltavallar við Árskóla eins og stefnt hefur verið að en slíkur völlur, gerður í samræmi við kröfur nútímans, myndi auka mikið við aðstöðuna og iðkun körfubolta hér í bæ.

Þá ber að þakka öllum þeim sem komu að starfi deildarinnar á einhvern hátt hvort sem það var gert með fjárframlögum, vinnuframlagi eða bara hvatningu á kappleikjum. en þrátt fyrir að mér þyki sem of fáir leggi hönd á plóg þá er það svo að við eigum víða

Að endingu vil ég fyrir mína hönd svo og þeirra sem með mér hafa verið í stjórn deildarinnar

á liðnum árum þakka öllum þeim sem unnið hafa með okkur að málefnum körfuboltans hér í bæ en fyrir liggur að ný stjórn verður kjörin á næsta aðalfundi og þeir sem nú eru í stjórn munu ekki gefa kost á sér til endurkjörs.

Með íþróttakveðju,

F. h. körfuknattleiksdeildar, Halldór Halldórsson

Ársreikningur aðalstjórnar körfuknattleiksdeildar

REKSTRARREIKNINGUR 01.07.2009 - 30.06.2010

	2010	2009
Rekstrartekjur		
Aðgangseyrir	1.171.160	1.010.869
Æfingagjöld	0	0
Fjáraflanir	3.914.685	2.172.796
Styrkir – aðalstjórn	1.978.946	
Styrkir – aðrir	6.323.350	
Auglýsingar(og styrkir 2009)	1.412.500	10.334.835
Tekjur vegna bifreiðar	1.279.700	1.273.240
	16.080.341	14.791.740
Rekstrargjöld		
Laun- og launatengd gjöld	5.644.986	5.174.116
Styrkur til unglíngaráðs	643.750	622.530
Húsnæðiskostnaður	847.000	577.377
Ferðakostnaður – (innanlands 2010)	2.716.641	2.938.730
Ferðakostnaður – erlendis	1.416.250	
KKÍ - Þáttökugjald (og dómarakostnaður 2009)	726.000	1.305.679
KKÍ – dómarakostnaður	817.128	
Búningar og skór	269.986	
Sjúkrakostnaður	265.339	104.367
Auglýsingar og prentun	19.192	31.167
Rekstur bifr. RK-587	1.361.458	1.363.094
Afskrift bifreiðar	102.449	113.832
Kostnaður vegna fjáraflana	395.491	
Annar kostnaður	691.063	963.268
	15.916.733	13.194.160
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármagnsliða	163.608	1.597.580
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	2.800	3.465
Vaxtagjöld	-462.296	-486.931
	-459.496	-483.466
Niðurstaða ársins	-295.888	1.114.114

Ársreikningur aðalstjórnar körfuknattleiksdeildar

EFNAHAGSREIKNINGUR 30.06.2010

Eignir	2010	2009
Veltufjármunir		
Bankainnistæður	15.795	503.945
Veltufjármunir samtals:	15.795	503.945
Áhöld og tæki		
Bifreiðin RK-587	922.039	1.024.488
Áhöld og tæki samtals:	922.039	1.024.488
Eignir samtals:	937.834	1.528.433
Skuldir og eigið fé		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	877.434	915.118
Lýsing v/bifreiðar	42.481	299.508
	919.915	1.214.626
Eigið fé		
Flutt frá fyrra ári	313.807	-800.307
Niðurstaða ársins	-295.888	1.114.114
	17.919	313.807
Skuldir og eigið fé samtals:	937.834	1.528.433

Skýrsla stjórnar unglingaráðs körfuknattleiksdeildar

Unglingaráð skipuðu eftirfarandi fulltrúar; Eiríkur Loftsson formaður, Helga Dóra Lúðvíksdóttir gjaldkeri, María Sævarsdóttir, Guðný Jóhannesdóttir og Aðalheiður Stefánsdóttir.

Starfsemin var með hefðbundnu sniði. Boðið var upp á æfingar fyrir 6. – 18 ára iðkendur og stunduðu samtals um 150 krakkar körfuboltaæfingar á tímabilinu. Flokkarnir sem voru í starfi voru þessir;

Míkróbolti stúlkna og drengja (1. – 2. bekkur)

Minnibolti yngri stúlkna (3. – 4. bekkur)

Minnibolti drengja (3. – 5. bekkur)

Minnibolti eldri stúlkna (6. bekkur)

7. flokkur drengja (6. – 7. bekkur)

8. flokkur stúlkna (7. – 8. bekkur)

8. flokkur drengja (8. bekkur)

9. flokkur drengja (9. bekkur)

10. flokkur stúlkna (9. – 10. bekkur)

Unglingaflokkur karla (10. bekkur +)

Unglingaflokkur karla tók þátt í Íslandsmótinu og komst í undanúrslit mótsins, þar sem þeir töpuðu fyrir Njarðvíkingum. 9. flokkur drengja lauk keppni í B-riðli, 8. flokkur í A-riðli og 7. flokkur í C-riðli. Hjá stúlkunum lauk 10. flokkur keppni með sigri í C-riðli, 8. flokkur vann B-riðil í sínu síðasta móti og stúlkurnar í minniboltanum gerðu sér lítið fyrir og unnu til silfurverðlauna í Íslandsmótinu.

Aðrir flokkar kepptu ekki í Íslandsmóti en yngri iðkendur tóku þátt í Nettó-mótinu í Reykjanesbæ.

Alls störfuðu 9 þjálfarar við þjálfun hjá unglingaráði:

Axel Kárason

Kári Marísson

Halldór Halldórsson

Sveinbjörn Skúlason / Hákon Bjarnason

Hrafnhildur Sonja Kristjánsdóttir

Alfreð Guðmundsson

Ásta Margrét Benediktsdóttir

Michael Giovacchini / Vanda Sigurgeirsdóttir

Auk hefðbundinna æfinga var Körfuboltaskóli Tindastóls starfræktur og var hann undir stjórn Kára Maríssonar. Var skólinn með starfsemi einu sinni í viku, þar sem iðkendum gafst kostur á að mæta og njóta leiðsagnar í undirstöðuatriðunum.

Unglingaráð vill þakka öllum þeim fjölmörgu foreldrum sem stutt hafa dyggilega við starfið á ýmsan hátt. Þá þakkar ráðið einnig iðkendum og þjálfurum fyrir ánægjulegt samstarf.

Eiríkur Loftsson formaður

Ársreikningur unglingaráðs körfuknattleiksdeildar

REKSTRARREIKNINGUR 01.07.2009 - 30.06.2010

	2010	2009
Rekstrartekjur		
Æfingagjöld	3.476.225	1.669.502
Fjáraflanir	381.000	0
Auglýsingar og styrkir	743.750	1.273.250
Aðrar tekjur	124.500	
	4.725.475	2.942.752
Rekstrargjöld		
Laun- og launatengd gjöld	3.144.500	3.284.143
Ferðakostnaður	70.000	87.000
Dómara- & þátttökukostnaður	157.160	10.000
Búningakaup yngri flokka	90.896	389.950
Kostnaður vegna uppskeruhátíðar	65.200	0
Auglýsingar og prentun	5.90	9.681
Kostnaður vegna fjáraflanna	201.498	
Annað	55.077	585.723
	3.789.421	4.366.497
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármagnsliða	936.054	-1.423.745
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	5.746	86.962
Vaxtagjöld	-7.259	-12.851
	-1.513	74.111
Niðurstaða ársins	934.541	-1.349.634

Ársreikningur unglíngaráðs körfuknattleiksdeildar

EFNAHAGSREIKNINGUR 30.06.2010

Eignir	2010	2009
Veltufjármunir		
Bankainnistæður	751.413	9.106
Veltufjármunir samtals:	751.413	9.106
Áhöld og tæki		
Varanlegir rekstrarfjármunir	0	0
Fastafjármunir samtals:	0	0
Eignir samtals:	0	9.106
Skuldir og eigið fé		
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á tékkareikningi		192.234
Viðskiptaskuldir	0	0
	0	192.234
Eigið fé		
Flutt frá fyrra ári	-183.128	1.166.506
Niðurstaða ársins	934.541	-1.349.634
	751.413	-183.128
Skuldir og eigið fé samtals	751.413	9.106

Skýrsla stjórnar frjálsíþróttadeildar

Starf frjálsíþróttadeildarinnar er svipað og áður höfum við kappkostað að byggja upp áhuga á frjálsíþróttum hér í Skagafirði. Við höfum á okkar höndum reynda þjálfara og nú um áramót bættist við þann hóp Sigurður Arnar Björnsson og bjóðum við hann velkominn til starfa. Frjálsíþróttadeildin hefur keppt undir merkjum UMSS og hefur það samstarf verið farsælt því innan okkar vébanda eru keppendur úr öllum Skagafirði. Vill stjórnin þakka samstarfið við frjálsíþróttaráð UMSS.

Fjármál hafa verið erfið þetta árið og er það miklu leiti þann aukinn kostnaður sem kemur af því að sækja keppnir um allt land. Og er þetta orðinn stór þáttur í öllu starfi sem deildin heldur út. Óhjákvæmilega verður að skera niður og er það erfitt að við getum ekki boðið uppá þá þjónustu sem við vildum veita hér í héraði. Er því mikið mál að við fáum inn alla þá styrki sem eru í boði. Og er það slæmt að peningar til íþróttastarfs séu núna skornir niður hjá sveitarfélaginu. Því forvarnagildi íþróttar er mikið.

Skipti verða í stjórn frjálsíþróttadeildarinnar. Mun þau Kolbrún Sæmundsdóttir og Þorsteinn Broddason láta af störfum og í þeirra stað koma þær Hafdís Ólafsdóttir og Þórunn Ingvadóttir taka við af þeim. Er þá stjórnin skipuð þannig.

Sigurjón Leifsson Guðrún Ottósdóttir Eiður Baldursson Hafdís Ólafsdóttir Þórunn Ingvadóttir.

Að lokum vill stjórnin þakka öllum þeim sem komu að starfi deildarinnar. Þjálfurum, foreldrum, styrktaraðilum okkar og öllu því fólki sem styður starf okkar í frjálsíþróttadeildinni.

Sigurjón Leifsson
Formaður frjálsíþróttadeildar Tindastóls

Ársreikningur frjálsíþróttadeildar

Rekstrarreikningur ársins 2010

	2010	2009
Tekjur:		
Æfingagjöld	1.122.500	987.250
Styrkir frá aðalstjórn	1.263.394	1.067.509
Styrkir frá Skagafirði vegna aksturs í Varmahlíð	100.000	
Fjáraflanir	283.600	381.881
Tekjur vegna haldinna móta	0	1.439.594
Tekjur vegna Sumartím	205.500	295.500
Vaxtatekjur	49.257	154.873
	3.024.251	4.326.607
Gjöld:		
Kostnaður vegna þjálfunar	3.217.000	2.856.500
Mótahald	26.477	0
Þjálfun vegna Sumartím	558.000	348.000
Akstur í Varmahlíð	229.020	
Ferðakostnaður	97.841	174.000
Auglýsingar	36.954	40.493
Annar kostnaður	51.992	129.508
Vaxtagjöld	8.421	21.873
	4.225.705	3.570.374
Hagnaður ársins	-1.201.454	756.233

Ársreikningur frjálsíþróttadeildar

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir

	2010	2009
Veltufjármunir:		
Viðskiptakröfur	150.250	186.750
Aðrar skammtímakröfur	4.704	4.704
Handbært fé	1.371.203	2.490.057
Eignir samtals	1.526.157	2.681.511
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé:		
Eigið fé frá fyrra ári	2.355.590	1.599.357
Hagnaður ársins	-1.201.454	756.233
Eigið fé samtals	1.154.136	2.355.590
Skuldir:		
Ferðasjóður	148.937	148.937
Ýmsar skammtímaskuldir	223.084	176.984
Skuldir samtals	372.021	325.921
Eigið fé og skuldir samtals	1.526.157	2.681.511

Skýrsla stjórnar sunddeildar

Aðalfundur Sunddeildar Tindastóls var haldi 24. febrúar 2010. Hrönn Guðjónsdóttir fór úr stjórn eftir 7 ára setu í stjórn, og er henni þökkun fyrir vel unnin störf á undanförunum árum. Ný inn í stjórn var kosinn Þorgerður Þórhallsdóttir, aðrir sem fyrir voru í stjórn voru endurkjörnir. Stjórnin fyrir árið skipa því; Jón Ingi Sigurðsson formaður, Snorri Styrkársson gjaldkeri, Jóna Hjaltadóttir ritari og þau Jón Þór Jósefsson og Þorgerður Þórhallsdóttir meðstjórnendur auk þess var Þorgerður kosin til að vera tengiliður við foreldra. Fundir voru haldnir reglulega fyrsta þriðjudag í mánuði.

Starfsemi deildarinnar:

Þjálfari deildarinnar fram á sumar var Linda Björk Ólafsdóttir. Fannar Arnarsson leysti Lindu af þegar á þurfti að halda. Fríða Rún Jónsdóttir og Fannar Arnarsson tóku við þjálfun eftir sumarleyfi. Fannar Arnarsson hætti að þjálfra og Kristín Kristjánsdóttir var ráðin ásamt Fríðu Rún, en Kristínu var sagt upp í desember. Þorgerður Þórhallsdóttir tók nokkrar æfingar ásamt Sigurjóni Þórðarsyni þegar Kristín komst ekki. Og á nýbyrjuðu ári hefur Fríða Rún tekið að sér alla þjálfun.

Sæhestar, eða iðkendur sem fæddir eru 2000 og yngri æfðu tvisvar í viku. Höfrungar, eða iðkendur fæddir 1998 og 1999 þrisvar sinnum í viku og Hákarlar eða iðkendur fæddir 1997 og fyrr fimm sinnum í viku.

Alls voru 10 mót sótt á vegum deildarinnar árið 2010, þar af 7 utan Sauðárkróks.

Farið var á Gullmót KR, í Reykjavík 12-14. febrúar.

Yngri iðkendur fóru á sundmót á Dalvík 10. apríl

Bikarmót Kiwanisklúbbsins Drangeyjar var haldið hér á Sauðárkróki 28 apríl.

Sundleikar ÍBR voru haldnir 14.-16. maí í Reykjanesbæ

Farið var á Akranesleikana á Akranesi 4.- 6. júní

Á Actavis International sundmótinu sem fór fram Ásvallalaug í Hafnarfirði 12. - 13. júní keppti Sunneva Jónsdóttir sundkona Tindastóls.

Við áttum fulltrúa á unglíngalandsmóti UMFÍ Borgarnesi í júlí.

Farið var á sundmót í Borgarnesi 6. nóvember .

Unglingamót UMSS var haldið hér á Sauðárkróki 2. okt.

Héraðsmót UMSS var haldið hér á Sauðárkróki 30.okt.

Æfinga og skemmtiferð Sæhesta og Höfrunga var farin 7. – 8. maí í Kjarnaskóg. Ferðinni sem átti að fara í haust var frestað til vors 2011. En fleira skemmtilegt var gert s.s. sokkasund og diskó þema, pizzakvöld og video, litlu jólin og pakkaskipti þar sem foreldrar komu með smákökur. Á nýju ári eða 4.janúar var stjörnuljósasund og diskó.

Að vanda stóðu krakkarnir sig vel, bættu árangur sinn og voru félaginu til sóma.

Þjálfarinn Dýrleif Ingimarsdóttir heimsótti sunddeildina 11. september 2010 og gaf iðkendum og þjálfara þeirra góð og dýrmæt ráð sem og foreldrum.

Farið var í nokkrar fjáraflanir á árinu 2010. Sunddeildin sá um slátt og hirðingu á lóð Heilbrigðisstofnunarinnar, gluggaþvott á Arion banka og Skýrr. Gulrætur voru seldar 26-30 október. og í nóvember syntu krakkarnir krónu áheitasund.

Á uppskeruhátíð deildarinnar fyrir árið 2010, sem haldin var á Mælifelli 9. febrúar 2011 voru viðurkenningar veittar, Hjalti Arnarsson fékk viðurkenningu sem sundmaður deildarinnar,

Viktoría Lazar Sorinsdóttir fékk viðurkenningu fyrir tæknilegar framfarir, Thelma Björk Sverrisdóttir fékk viðurkenningu fyrir ástundun og Þorgrímur Svavar Runólfsson fékk viðurkenningu fyrir þrúðmennsku. Auk þess var öllum sundiðkendunum færðar áletrað handklæði að gjöf frá deildinni. Deildin tilnefndi Ásgrím Þór Kjartansson og Elínborgu M. Sigfúsdóttir sem unga og efnilega sundmenn til UMSS, auk Hjalta Arnarssonar til íþróttamanns ársins.

Að lokum viljum við stjórnarmenn þakka öllum sem komið hafa að rekstri og starfsemi deildarinnar og einnig þeim fjölmörgu sem styrkt hafa sunddeildina á ýmsan hátt á árinu 2010.

Sauðárkróki, febrúar 2011
Stjórn sunddeildar Tindastóls.

Jón Ingi Sigurðsson
Snorri Styrkársson
Jóna Hjaltadóttir
Jón Þór Jósepsson
Þorgerður Þórhallsdóttir

Ársreikningur sunddeildar

Rekstrarreikningur árið 2010

Tekjur.	2010	2009
Æfingagjöld	566.153	652.742
Styrkur frá UMFT	631.699	563.753
Styrkir og fjáröflun	28.500	432.000
Fimmkrónusund	299.222	360.357
Vaxtatekjur	1.484	22.785
Annað	102.000	221.084
Samtals tekjur	1.629.058	2.252.721
Gjöld.		
Laun og launatengd	924.450	1.835.449
Auglýsingar og prentun	27.848	28.113
Verðlaun	32.822	41.812
Þátttökugjöld	68.850	231.400
Ferða og fæðiskostnaður	155.270	130.350
Félagsgjöld	137.500	124.912
Uppskeruhátíð	104.530	166.573
Annar kostnaður	70.145	257.976
Vaxta og þjónustugjöld	12.042	32.239
Samtals gjöld	1.533.457	2.848.824
Hagnaður / tap ársins	95.601	-596.103

Ársreikningur sunddeildar

Efnahagsreikningur 31.12. 2010

Eignir	31.12.2010	31.12.2009
Bankainnistæður		
Tékkareikningur Arion banki	876.577	701.509
	876.577	701.509
Viðskiptakröfur		
Óinnheimt æfingagjöld	17.200	90.709
Óinnheimt v/fimmkrónusunds	12.620	83.732
	29.820	174.441
Eignir samtals	906.397	875.950
Skuldir og eigið fé		
Skuldir		
Laun og launatengd gjöld	15.254	80.408
Ýmislegt ógreitt	0	0
	15.254	80.408
Eigið fé		
Höfuðstóll frá fyrra ári	795.542	1.391.645
Hagnaður / tap ársins	95.601	-596.103
	891.143	795.542
Skuldir og eigið fé	906.397	875.950
Ferðasjóður - utan efnahagsreiknings:		
Staða í ársbyrjun	827.434	344.170
Söfnun á árinu	366.800	456.984
Fjármagnstekjur	32.624	26.280
Ráðstöfun ársins	0	0
Staða í árslok	1.226.858	827.434

Skýrsla stjórnar skíðadeildar

Það má segja að starfið hjá stjórninni hafi byrjað strax eftir aðalfund, byrjað var að skipta með sér störfum og vetrarstarfið skipulagt blásið var í herlúðra og skildi skíðaiðkendum fjölgað sem aldrei fyrr staðið skildi fyrir ýmiskonar uppákomum.

Ráðnir voru þjálfarar til starfa og allt leit ljómandi vel út fyrir veturinn. En allt kom fyrir ekki, vegna snjóleysis og óhagstæðra veðurskilyrða var ekki hægt að opna fyrr en 2. jan sem er langt frá því sem við vonumst til að geta gert. Hvað um það við höfðum opið til 17. jan en urðum þá að loka vegna snjóleysis en opnuðum aftur 17. feb. Sökum þessa þá var orðin mikil röskun á fyrirhugðu starfi við héldum vetrarleika annað árið í röð og er það mín von að þeir sé komnir til að vera. Við vorum með 38 krakka sem æfðu skíði hjá okkur í vetur frá Sauðarkróki, Varmahlíð og Skagaströnd voru æfingar 4 sinnum í viku. Börnin sóttu fjölmörg mót svo sem afmælimót á Siglufirði, Jónsmót á Dalvík, Sauðárkróksbakarismótið, Reykjavíkurmót, innanfélagsmót og Andrésar Andarleikana svo að sjálfsgöðu Íslandmótið. Allt gekk þetta mjög vel og endaði skíðavertiðin með feiknargleði á Skagaströnd. Þá er komið að nokkrum tölulegum staðreyndum við fengum 4738 gesti í vetur það var opið í 78 daga þetta er náttúrulega langt frá því sem við ætlum okkur, svo að í sumar var unnið í að bæta aðstöðu til skíðamennsku.

Brekkur voru sléttaða, grjóthreinsað og í sáð grasfræjum. Eflaust má gera betur í þessu næsta sumar. Snjógirðingar voru lengdar og lagfærðar en það vantar reyndar örlítið af neti til að fullklára þær. Unnið var í lýsingu á svæðinu og vantar rétt herslumuninn að það sé komin lýsing á alla staura. Nú síðan en ekki síst þá var unnið í að þétta lónið og nú þegar þetta er ritað lítur það þannig út að þessi aðgerð hafi heppnast vel. Fjöldi aðila hefur styrkt svæðið á síðasta starfsári má þar nefna skagfirska bændur sem létu af hendi áburð, fræ og girðingastaura vil ég nota tækifærið og þakka öllum sem hafa lagt hönd á plóg til að aðstoða okkur við starfsemina hjá skíðadeild Tindastóls þetta er algjörlega ómetanleg hjálp. Ég vil sérstaklega þakka Einar Stefássyni fyrir alla þá aðstoð sem hann er búin að veita á svæðinu. Skíðadeildin stendur nú á tímamótum þar sem samningur á milli sveitarfélagsins og skíðadeildarinnar er runnin út eftir tíu ára samstarf.

Óhætt er að segja að þessi tíu ár hafi gengið mjög vel og þakkar skíðadeildin sveitarfélaginu fyrir samstarfið og vonast eftir góðu samstarfi áfram. Þó er vert að hugleiða hvort skíðadeildin eigi að standa í að reka svæðið sem er íþróttamannvirki og ferðamannafyrirtæki heldur en að einbeita sér að æfingum og uppbyggingu í barna og unglingastarfi. Það hefur allavega vakið furðu mína hversu mikill seinangangur virðist vera að fá nýja samning við sveitarfélagið. Skíðamennskan er vaxandi fjölskyldusport og er þar af leiðandi vaxandi atvinnugrein, með tilkomu snjóvéla er hægt að hafa svæðið opið í allt að sex mánuði á ári og verður það að teljast nokkuð gott fyrir ferðamannaiðnað. En til að gott skíðasvæði verði betra þá verður að halda áfram uppbyggingu svo sem að byggja skála, setja topplyftu og fleira í þessum dúr. Nú það er til vinnuþáttur til næstu 15 ára ef þeim plönnum verður framfylgt getur skíðasvæðið ekki annað en átt bjarta framtíð, er það mín von að menn hafi kjark og þor til að halda áfram uppbyggingu á svæðinu.

Þá er ekki annað en að byrja næsta starfsár með trompi og opna sem fyrst það er komin nægur snjór bara að bíða eftir verinu takk fyrir

Sigurður Bjarni Rafnsson

Ársreikningur skíðadeildar

Rekstrarreikningur 1.9.2009 - 31.8.2010

Tekjur:	2010	2009
Auglýsingar á dagatali	551.140	567.500
Auglýsingar á skiltum		90.000
Tekjur af skíðasvæði	6.815.770	8.787.846
Æfingagjöld	346.500	672.000
Styrkur frá Skagafirði v/10 ára samn.	11.527.654	11.209.507
Sauðárkróksbær, rekstrarstyrkur	3.217.514	2.054.065
Tindastóll	347.666	476.764
UMFÍ vegna vetrarleika		50.000
UMSS vegna vetrarleika		50.000
Tengill ehf	64.240	82.597
Vinna v/jólaskreytinga	250.000	250.000
Vinumálastofnun v/ átaksværkefnis		439.668
Kaupfélag Skagfirðinga		40.000
Tryggingabætur VÍS		767.391
Seldur bíll		70.000
Ýmsir styrkir	2.086.000	2.097.300
Vaxtatekjur	73.068	111.521
Tekjur samtals	25.279.552	27.816.159

Ársreikningur skíðadeildar

Gjöld:

Leiga á skíðalandi	60.690	56.586
Fasteignagjöld	169.583	196.939
Laun og launatengd gjöld.	5.633.123	5.515.579
Þjálfaralaun og launatengd gjöld	706.978	918.942
Laun og launat.gj. v/átakverkefni		795.239
Rafmagn	1.508.946	976.163
Skíðasamband Íslands	33.000	20.000
Starfsleyfisgjald		12.720
Heilbrigðisgjald	10.971	4.906
Viðhaldskostnaður svæðisins	4.748.967	2.181.395
Olíur og eldsneyti	2.517.838	2.493.654
Tryggingar	363.870	432.290
Skoðunargjöld	94.386	36.446
Sími	103.732	89.302
Námskeið	60.100	0
Skidata, miðar og leyfi	91.032	277.635
Ritföng, pappír, prentun & auglýs.	266.368	305.453
Tengigjöld, tölvu	174.561	82.597
Ferðakostnaður	0	17.165
Vetrarleikar	35.922	215.000
Verðlaunapeningar, bikarar	24.220	99.900
Árgjald Samtök Skíðasvæða	31.600	15.000
Keppnisgjöld, Andrés	90.800	117.960
Afskrifaðar kröfur	177.786	
Gjöld samtals	16.904.470	14.860.871
Hagnaður (- tap) fyrir afs fjármgj. & styrki frá Skf.	(6.370.086)	(308.284)
Fjármagnskostnaður	449.215	2.219.656
Afskriftir	3.045.679	3.019.044
Hagnaður (- tap) ársins	4.880.187	7.716.588

Ársreikningur skíðadeildar

Efnahagsreikningur 31.8.2010

Veltufjármunir:

Kaupþing banki 301268	11.882	11.197
Kaupþing banki 15475		306.998
Landsbanki Íslands	42.925	109.502
Sauðárkróksbær v/átaksverkefni		355.571
Kaupfélag Skagfirðinga, innlánsd.	10.661	10.069
Veltufjármunir alls	65.468	793.337

Fastafjármunir:

Greidd leiga til Torfa, afs 5% pa	1.283.356	1.350.901
Skíðaskáli, afs 5% pa.	1.045.199	1.100.210
Skíðasvæðið, afs 8% pa.	33.615.925	36.539.049
Búnaður skíðaleigu, afskr. 20% pa	980.000	
Fastafjármunir alls	36.924.481	38.990.160

Eignir samtals	36.989.949	39.783.497
-----------------------	-------------------	-------------------

Skuldir og eigið fé:

Skuldir:

Byggðastofnun, 700497	0	7.103.093
Áfallnir vextir af 700497	0	454.401
Kaupfélag Skagfirðinga	0	0
Landsbanki Íslands, 610519	1.736.679	2.093.019
Kaupþing banki 15475	204.358	0
Aðrar skuldir	1.685.431	1.625.491
Fasteignagjöld	0	24.200
Launatengd gjöld	0	0
Skuldir alls	3.626.468	11.300.204

Eigið fé:

Höfuðstóll frá fyrra ári	28.483.293	20.766.705
Hagnaður (- tap) ársins	4.880.187	7.716.588
	33.363.480	28.483.293
Skuldir & eigið fé alls	36.989.949	39.783.497

Skýrsla stjórnar spaðadeildar

Árið 2010 var fyrsta ár Spaðadeildar Tindastóls og var almenn sátt með gang mála á árinu þrátt fyrir að áhugi væri til þess að gera betur. Áherslan þetta ár var að reyna að koma á einhverjum námskeiðum fyrir börn og unglinga og var farin sú leið að halda sumarnámskeið í samvinnu við Sumar-TÍM. Þar voru haldin 3 námskeið, annars vegar í Badminton og hins vegar í Tennis. Voru milli 15-20 börn sem sóttu þessi námskeið og lukkaðist það vel. Greinilegt er að það er þörf fyrir svona námskeið þar sem er boðið upp á eitthvað mótvægi á móti hinum hefðbundnu íþróttagreinum sem eru almennt stundaðar hér á Sauðárkróki. Vonandi gefst okkur tækifæri til þess að halda einhver vetrarnámskeið líka á árinu 2011 en við verðum að sjá hvernig gengur með að fá þjálfara til kennslu á þeim.

Við vorum ótrúlega heppin að geta nýtt okkur fjórtánfaldan íslandsmeistara og Tennismann ársins (síðustu 13 ár) Arnar Sigurðsson til þess að kenna á námskeiðum hjá okkur. Námskeiðin hjá Arnari vöktu mikla lukku og vonandi verður áframhald á því samstarfi næsta sumar.

Í lok árs kom upp sú hugmynd hvort Spaðadeildin mundi sameinast undir merkjum almenningsdeildar Tindastóls og teljum við það sniðugan leik og leggjum það til að sú deild verði stofnuð og við tilheyrum henni í framtíðinni. Þarna væri komin deild þar sem félagsmenn Tindastóls gætu keppt í sínum íþróttagreinum sem eru ekki með sér deildir innan Tindastóls og verið félagsmenn Tindastóls áfram.

Fyrir hönd Spaðadeildar Tindastóls
Bergmann Guðmundsson

Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson

Númer í sjóðaskrá 1246

Rúnar Ingi Björnsson var efnilegur íþróttamaður hjá UMF Tindastóli. Hann lést við verkamannastörf ungur að aldri. Foreldrar hans stofnuðu minningarsjóð í hans nafni sem hefur styrkt afreksfólk og afrekshópa, bæði til ferðalaga og keppni.

Stjórn sjóðsins samanstendur af formanni UMF Tindastóls, skólastjóra Árskóla og sóknarpresti Sauðárkróskirkju. Umsóknir um styrk úr minningarsjóðinum þurfa að berast formanni UMF Tindastóls. Fyrir aðalfund á hverju ári hittist stjórnin og fer yfir umsóknir. Þær sem eru samþykktar koma til úthlutunar á aðalfundi félagsins.

Þetta árið er úthlutað tveimur styrkjum úr sjóðnum. Formaður UMF Tindastóls afhendir styrkina hér með.

1. Svava Rún Ingimarsdóttir fékk styrk að upphæð kr. 50.000 vegna þátttöku hennar í mótum í nafni UMF Tindastóls. Elínborg Svavarsdóttir veitti styrknum viðtöku þar sem að Svava var í námi í útlöndum.
2. Þriðji flokkur karla í knattspyrnu fékk styrk að upphæð kr. 75.000 vegna æfinga- og keppnisferðar á komandi sumri. Skúli Bragason tók við styrknum fyrir hönd hópsins.

Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson

Rekstrarreikningur ársins 2010

Tekjur	2010	2009
Opinber framlög		
Styrkir og gjafir	76.500	64.300
Tekjur af rekstri		
Tekjur af fasteignum		
Aðrar tekjur		
Tekjur samtals	76.500	64.300
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld		
Styrkveitingar skv. skipulagsskrá	125.000	125.000
Kostnaður v/fasteigna		
Annar rekstrarkostnaður		
Annar kostnaður		
Afskriftir fastafjármuna		
Gjöld samtals	125.000	125.000
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(48.500)	(60.700)
Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur og verðbætur	175.489	369.070
Vaxtagjöld og verðbætur		
Fjármagnstekjuskattur	(31.588)	(46.453)
Tekjur/gjöld vegna verðlagsbreytinga		
Fjárm.liðir samtals	143.901	322.617
Niðurstaða rekstrar	95.401	261.917

Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir	2010	2009
Fastafjármunir		
Fasteignir		
Aðrar eignir		
Fastafjármunir samtals	0	0
Veltufjármunir		
Skammtíma kröfur		
Aðrir veltufjármunir		
Bankainnstæður og sjóðir	3.071.008	2.975.607
Veltufjármunir samtals	3.071.008	2.975.607
Eignir alls	3.071.008	2.975.607
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Eigið fé í ársbyrjun	2.975.607	2.713.690
Tekjur umfram gjöld	95.401	261.917
Eigið fé samtals	3.071.008	2.975.607
Langtímaskuldir		
Veðskuldir		
Aðrar langtímaskuldir		
Langtímaskuldir samtals	0	0
Skammtímaskuldir		
Ógreiddur kostnaður		
Aðrar skammtímaskuldir		
Skammtímaskuldir samtals	0	0
Skuldir og eigið fé alls	3.071.008	2.975.607